

## Starfstímabil 2022- 24

Starfstímabil Keppnisnefndar er á milli þinga.

Einar Gíslason sem var formaður vildi hætta vegna anna við landsmót fljótlega eftir síðasta landsþing og tók undirritaður við formennsku nefndarinnar af honum.

Fundir voru haldnir mjög reglulega á starfstímanum en allir voru þeir fjarfundir þar sem nefndarmenn koma mjög víða af landinu. Starfsmaður keppnismála hjá LH sá um að stórna tæknimálum og þessir fundir gengu mjög vel.

Nefndin er skipuð breiðum hópi fólks með mikla innsýn í starfið og frábært að vinna með svona hópi. Þetta eru auk mín, Hulda Gústafsdóttir, Haukur Bjarnason, Randi Holaker, Sigurbjörn Bárðarson, Unnur Sigurpálsdóttir og Sýlvía Sigurbjörnsdóttir. Þessi hópur kemur frá dómarafélögunum tveimur, stjórn LH og FT. Sigurbjörn og Hulda eru starfandi í sportnefnd Feif sem stytir allar boðleiðir inn í alþjóðasamstarfið.

Á seinasta þingi voru Feif reglurnar teknar meira inn í okkar pakka og okkar reglur, númeraðar og samræmdar algjörlega feif reglunum. Þessar breytingar tókust mjög vel og ekki mikið um uppákomur þessara hluta vegna, en það er samt áhyggjuefni að mótshaldarar og keppendur kynna sér reglurnar oft á tíðum ekki nægilega vel.

Í aðdraganda landsmóts eru það yfirleitt ár eftir ár sömu núningsatriðin sem eru að valda vandræðum.

Nokkur álitamál berast til keppnisnefndarinnar frá stjórn eins og vera ber en hæst ber þar mikil umfjöllun og skoðanir skiptar með að setja Íslandsmót fullorðinna inná landsmót.

Í ljósi umræðunnar á seinasta þingi þar sem þessi tillaga var felld með minnsta mun, má glöggst sjá að skoðanir eru skiptar á þessu og erfitt að ná niðurstöðu.

Íslandsmót er á hrakhólum hvað tímasetningu varðar og styðjum við einhuga tillögu sem liggur fyrir þinginu um að það verði myndaður hópur sem leggst yfir hvaða leiðir eru færar og í þeirri skoðun verður allt að vera undir.

Á landsmóti kom upp atvik þar sem keppandi var dæmdur úr leik en nefndin ræddi þetta og teljum við að það þurfi að skýra línur hvað svona atvik varðar sem og teljum við að komandi nefnd þurfi í samstarfi við sportnefnd Feif að tala um og leggja línur hvort rétt sé að nota upptökur (VAR) í dómum eða til þess að útkljá vafaatriði eða ekki. Flest eða öll stærri mót eru tekin upp og eru í miklum gæðum og þessi aðferð að nota VAR hefur margar hliðar sem þarf að ígrunda og skoða mjög vel.

Samstarf við aðrar nefndir og stjórn hefur verið mjög gott og ber að pakka.

Sérstaklega reyndi mikið á samstarf við laganefnd við upptöku fFeif pakkanns í regluverk okkar og bar Óafur Haraldsson hitann og þungann af því og stóð sig frábærlega.

Að endingu vil ég þakka samstarfið við nefndarfólk og virði mikils þeirra tíma og framlag til starfsins hvað mig sjálfan varðar læt ég gott heita eftir nefndarsetu meira og minna í á þriðja áratug og óska nýju fólki alls hins besta í áframhaldandi störfum.

Fyrir hönd Keppnisnefndar

Siggi Ævars.